

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1958 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
 - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aukum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem talðar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem talðar eru í 2. gr.

Á árinu 1958 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1958.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafla	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1958 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

85

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

20. des.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

FJÁRLÖG

86

fyrir árið 1958.

24. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1958 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru talðar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur	118 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur 14000000		
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 7000000	7 000 000	125 000 000
3. Vörumagnstollur	36 000 000	
4. Verðtollur	174 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	17 000 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	11 000 000	238 000 000
7. Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl.		90 000 000
8. Lestagjald af skipum	300 000	
9. Bifreiðaskattur	13 000 000	13 300 000
10. Aukatekjur	12 500 000	
11. Stimpilgjald	20 000 000	
12. Vitagjald	1 700 000	
13. Leyfisbréflagjald	600 000	
14. Útflutningsleyfagjöld	800 000	35 600 000
15. Söluskattur		115 000 000
16. Leyfisgjöld		6 500 000
Samtals ...	. . .	623 400 000